

220

15. des.

AUGLÝSING

um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Með tilvísun til laga nr. 124 1947 og laga nr. 11 1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki, vill landbúnaðarráðuneytið hér með vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að hér með er lagt bann við því að nota ósoðnar matarleifar og slátur-
afurðir hvers konar til gripafóðurs.

Brot gegn banni þessu varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. desember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

221

28. des.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 66
29. marz 1950, sbr. samþykkt nr. 129 12. sept. 1956.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru þessir:

Í Hörglandshreppi:

1. Brunasandsvegur: Af þjóðveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með byggðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.
2. Mörtunguvegur: Af þjóðveginum í Prestsbakkavelli um Prestsbakka að Mörtungu.
3. Hörgdalsvegur: Frá Hörgsárbrú að Hörgsdal.

Í Kirkjubæjarhreppi:

4. *Holtsvegur:* Frá Holti vestur Síðuheiðar að Búlandi í Skaftártungu.

Í Leiðvallarhreppi:

5. Koteyjarvegur: Af þjóðveginum í Efríeyjaregg að Rofabæ.
6. Botnavegur: Af þjóðveginum austan Ásakvísla að Botnum.
7. Bakkakotsvegur: Af þjóðveginum í Efríeyjaregg að Bakkakoti.
8. Hnausavegur: Af þjóðveginum sunnan Hnausa að túninu á Hnausum.

Í Skaftártunguhreppi:

9. Svínadalsvegur: Frá Stórahvammsbrú að Svínadal.
10. Ljótastadavegur: Af Búlandsvegi um Gröf, Borgarfell, Snæbýli að Ljótastöðum.
11. Hlíðarvegur: Af Búlandsvegi neðan Hlíðar að Hlíðarbæjum.

Í Álftavershreppi:

12. Mýrnavegur: Af þjóðveginum hjá Norðurhjáleigu um Jórvík að Mýrum.

Í Hvammshreppi:

13. Víkurvegur: Gegnum kaupúnið í Vík og heim að sýslumannsbústaðnum.
14. Rofamýrarvegur: Af Þjóðveginum norðan Reynisfjalls um Rofamýri í Heiðardal.
15. Dalabæjarvegur: Frá Suðurlandsvegi hjá Brandslæk um Fjós að Stóradal.

221

28. des.

Í Dyrhólahreppi:

16. Hvolsvegur: Af Þjóðveginum sunnan Skeiðflatar um Hryggi að Hvoli.
17. Péturseyjarvegur: Með byggðinni sunnan Péturseyjar.
18. Eystri-Sólheimavegur: Af Þjóðveginum austan Framness að Eystri-Sólheimum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvega-sjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður samþykkt nr. 9 22. janúar 1954, um breytingu á samþykkt nr. 66 29. marz 1950.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

AUGLÝSING

222

30. des.

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur, nr. 13 26. sept. 1958.

17. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Vilji samlagsmaður leita sjúkrahjálpar utan Reykjavíkur er samlaginu heimilt að endurgreiða honum kostnað af þeirri sjúkrahjálpar, en þó ekki hærrí upphæð en fyrir sams konar hjálpar hefði komið í Reykjavík, samkvæmt gildandi verðskrá og almennum reglum í samningum samlagsins.

Þurfi samlagsmaður að leita til annarra landa um sjúkrahúsvist, er samlaginu þó heimilt að greiða fyrir leguna, ásamt læknishjálpar og þjónustu allri, allt að því gjaldi, sem Ríkisspítalinn í Kaupmannahöfn setur upp fyrir útlendinga á hverjum tíma.

Framangreind breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 13 31. marz 1960 um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1960.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.